



Skýrsla stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir starfsárið 2021

Ég býð ykkur velkomin til 10. ársfundar sjálfseignarstofnunarinnar Þekkingarseturs Suðurnesja sem er haldinn nú í dag 19. maí 2022. Hér verður gerð grein fyrir starfsemi ársins 2021.

Engar breytingar urðu á stjórn Þekkingarsetursins á árinu en í henni sitja:

- Fríða Stefánsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar og stjórnarformaður
- Guðmundur Grétar Karlsson, skipaður af Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknarseturs HÍ á Suðurnesjum
- Nanna Kristjana Traustadóttir, fulltrúi Keilis
- Björk Guðjónsdóttir, skipuð af Náttúrustofu Suðvesturlands

Varamenn í stjórn eru eftirfarandi:

- Katrín Pétursdóttir
- Þorvaldur Örn Árnason
- Rögnvaldur Ólafsson
- Sigrún Svafa Ólafsdóttir
- Sindri Gíslason

Forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja er Hanna María Kristjánsdóttir og ætlar hún, hér á eftir, að fara yfir starfsemi Þekkingasetursins í ár.

Stjórnin fundaði fimm sinnum á starfsárinu.

Þekkingarsetur Suðurnesja er með samstarfssaming við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, nú háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, sem var í gildi út árið 2021. Samningurinn hefur verið framlengdur út 2022 en vonir standa til að þá muni ráðuneytið gera fimm ára samning við setrið sem og önnur þekkingarsetur á landinu.

Setrið vinnur samkvæmt stefnu sem var samþykkt af stjórn árið 2019. Í henni er fjallað um gildi, leiðarljós, hlutverk og markmið setursins. Gildin eru rannsóknir, fræðsla og fagmennska og hvílir

grunnur starfseminnar á þeim. Leiðarljósið sem vísar veginn er að Þekkingarsetrið sé miðstöð rannsóknastarfs og rannsakenda á sviði náttúrufræða og tengdra greina á Suðurnesjum. Hlutverk setursins er að stuðla að eflingu rannsókna, bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu til rannsókna og stuðla að fjölbreytni í atvinnulífi. Markmiðin snúa að rannsóknum og þróun, háskólanámi og samþættingu þekkingarstarfs, símenntun og samstarfi við aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum. Stjórn Þekkingasetursins fór yfir stefnu setursins árið 2020 og endurbætti stefnuna sem lá fyrir frá árinu 2014.

Rannsóknir og þróun

Náttúrustofa Suðvesturlands og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum eru stoðstofnanir Þekkingasetursins og sjá að miklu leyti um rannsóknarhluta þess. Mikið samstarf er auk þess á milli stofnananna. Áherslusviðin voru sem fyrr fuglafræði, sjávarlíffræði og eiturefnavistfræði. Hér á eftir fáum við að heyra af áhugaverðri rannsókn sem Náttúrustofa Suðvesturlands hefur unnið að síðustu ár frá Dr. Sindra Gíslasyni, forstöðumanni stofunnar og varamanni í stjórn setursins.

Í Þekkingasetrinu eru fjórar áhugaverðar sýningar sem setrið rekur fyrir Suðurnesjabæ. Ein þeirra er sýningin *Heimskautin heilla* sem fjallar um ævi og störf franska vísindamannsins Jean-Baptiste Charcot sem hefur nú staðið í setrinu í 15 ár. Sýningin er samstarfsverkefni Suðurnesjabæjar, Háskóla Íslands, Þekkingaseturs Suðurnesja og fjölskyldu Charcot. Á náttúrugripasýningunni er að finna lifandi sjávardýr og rannsóknaraðstöðu fyrir börn sem býður upp á spennandi kosti fyrir skólahópa. Sýningin *Huldir heimar hafsins - ljós þangálfanna* eftir Katrínu Þorvaldsdóttur, Eyðisi Mary Jónsdóttur og samstarfsfólk þeirra, er á neðri hæð setursins auk ljósmyndasýningar um sögu hússins frá frystihúsi til rannsóknastöðvar. Gestafjöldi á sýningar og nýting á annarri aðstöðu setursins er að taka við sér nú en hefur síðustu ár verið takmarkaður vegna heimsafaraldurs Covid. Á síðasta ári þurfti annað árið í röð að aflýsa starfsgreinakynningu fyrir grunnskólanemendur sem setrið hefur séð um að halda fyrir SSS, en það stendur til bóta síðar á þessu ári. Rannsóknastarf í húsinu hefur að mestu gengið sinn vanagang sem er jákvætt.

Starfsmannahald, fjármál og styrkir

Á síðasta starfsári störfuðu 3 starfsmenn í Þekkingasetrinu í 2,5 stöðugildum og sumarstarfsmenn voru fjórir vegna sérstaks átaksverkefnis ríkisins. Í dag starfa enn 3 starfsmenn hjá setrinu en stöðugildin eru 2,7. Einn sumarstarfsmaður mun starfa hér í sumar.

Vorið 2020 gafst Þekkingasetrinu tækifæri til að senda Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu tillögur að átaksverkefnum vegna aukinnar þjónustu ríkisins á Suðurnesjum, og voru fimm tillögur sendar. Setrið fékk að endingu 19,5 milljónir af því fjármagni sem sett var í þessa auknu þjónustu og gerði samning við SSS um framkvæmd tveggja verkefna sem valin voru af tillögunum fimm. Annars vegar voru haldin ókeypis sumarnámskeið fyrir krakka á aldrinum 7-12 ára sumrin 2020 og 2021 og fjórir háskólanemar ráðnir til að skipuleggja og sjá um þau. Hins vegar var unnið að þróun raungreinabúða á Reykjanesi í samstarfi við GeoCamp Iceland sem Hildur Sigfúsdóttir var ráðin til að stýra. Verkefninu lauk formlega í ágúst 2021 en samstarf við GeoCamp heldur áfram, meðal

annars með verkefninu GeoLab – Færanlegar rannsóknastöðvar fyrir skólahópa sem styrkt var af Uppbyggingarsjóði Suðurnesja.

Árið 2021 fékk Þekkingasetrið eina milljón króna í styrk frá Uppbyggingarsjóði Suðurnesja í verkefnið Tjaldarnir okkar – Njósir í nærumhverfi, sem unnið var í samstarfi við fimm grunnskóla á Suðurnesjum. Markmið verkefnisins var að kortleggja far og lífshætti valinna tjaldapara sem búa á Suðurnesjum með aðstoð GPS staðsetningartækja, en einnig að gefa grunnskólanemendum á svæðinu tækifæri til að taka þátt í raunverulegri vísindarannsókn á sviði fuglafræði. Þó að verkefninu sé nú lokið heldur rannsóknin áfram því GPS tækin eru enn að gefa upplýsingar um mjög áhugaverðar ferðir fuglanna og gera það vonandi sem lengst.

Setrið fékk auk þess styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna sem gerði því kleift að ráða sumarstarfsmann til fuglarannsóknna, annað sumarið í röð.

Stjórn Þekkingarsetursins samþykkti rekstraráætlun fyrir árið 2021 á fundi sínum í desember 2020. Áætlaðar tekjur ársins voru um 55,8 milljónir króna og útgjöld tæpar 58 milljónir. Rúm 40% teknanna koma frá ríkissjóði eða um 23,1 milljón króna. Suðurnesjabær kemur svo til móts við Þekkingasetrið varðandi viðhald húsnæðis og rekstur sýninga. Aðrar tekjur koma frá styrkjum, aðgangseyri og öðrum útseldum verkefnum.

Að lokum vil ég þakka samstarfsfólki mínu í stjórn og Hönnu Maríu Kristjánsdóttur forstöðumanni fyrir frábært samstarf.

Fríða Stefánsdóttir
Stjórnarformaður